Kvennablaðið kostar 1 kr. 50 au. innanlands, erlendis 2 kr. (65 cent vestanhafs) 1/3 verðsins borgist fyrfram, en 2/3 fyrir 15. júlí.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

21. ár. | Reykjavík, 30. november 1915. | № 11.

Framtíðarmál vor.

Eftir því sem nær dregur kosningunum, koma spurningar fram um það, fyrir hvað konur muni nú aðallega beita sér. Hvort þær hafi hugsað sér nokkra sérstaka stefnuskrá, sem þær ætli sér að fylgja í allri sinni pólitík, eða hvort þær ætli að láta sér nægja með að fylgja þeim vegi, sem karlmennirnir afmarka þeim, og ekkert fara út fyrir hann.

Færi svo, að íslenzkar konur skildu sína pólitisku köllun á þann hátt, að þær ættu einungis að fylgja karlmönnunum að málum, án þess að bæta nokkru við frá sjálfum sér, þá verðum vér að álíta, að gagnið af hluttöku þeirra í almennum málum yrði ekki sérlega viðtækt. Með því móti bættu þær engu nýju inn í stjórnmálin, hvorki til að bæta sinn eiginn hag eða barna sinna. Og það hafa þó konur margra annara landa gert, jafnvel þótt þær hafi ekki tekið neinn beinan þátt í pólitíkinni.

Hér á Norðurlöndum hafa flest þau lög, sem gefin hafa verið út á síðari árum, og snert hafa aðallega konur eða börn, átt rót sína og framkomu að rekja til kvenna, beinlínis eða óbeinlínis. Fyrir utan frumvörpin um kosningarrétt kvenna og kjörgengi, bæði stjórnskipulegan og í sveita- og héraðamálum, og lög um rétt kvenna til allrar æðri mentunar og embætta (sem þær hafa enn þá hvergi fengið fullan að lögum, nema hér á landi), þá hafa ótal mörg góð og nytsöm lög komið fram að tilhlutun kvennanna. Má þar til nefna ekkjulögin dönsku, ýms verkakvennalög, ýms tryggingarlög, t. d. slysatryggingar, mæðratryggingar, ýmsa kafla hjónabands- og barnalöggjafarinnar, fjárveitingar til hússtjórnarskóla o. s. frv. Þær hafa mikið unnið að því að fá löggjafarvöldin til að koma á fót sérskólum í iðnaði handa konum, fengið ýms ákvæði um aukið heilbrigðiseftirlit o. fl. o. fl. Alt, sem miðað hefir að því að auka þekkingu kvenna bæði í verklegum og bóklegum efnum, hefir oftast átt upptök sín að rekja til kvennanna sjálfra.

Vér heyrum að ýmsir segja, að konurnar muni beita sér fyrir landsspítalamálið. Jafnvel þótt svo yrði, sem vér teljum sjálfsagt, þá gæti það ekki heitið neitt sérstætt kvennamál. Engum mun koma til hugar, að konur einar komi spítala upp fyrir alt landið. Til þess hafa þær ekkert fjármagn, enda engin ástæða til að vonast eftir slíku. Því þótt frumkvæði samskotanna sé aðallega frá konum, þá var sú hluttaka aðallega ætluð til þess að koma hreyfingu á málið. Það er fyrst við kosningarnar, með því að fá þingmannaefnin til að taka málið að sér, sem konur geta vænt þess að hafa komið því nokkuð verulega af stað. Það er líka sú leið, sem bæði það mál og öll önnur almenn þjóðþrifamál eiga að ganga.

En það er líka á þenna sama hátt, sem konur verða að vinna framvegis, að minsta kosti fyrst um sinn. Og það ættu þær að geta með því að bæði utan og innan pólitísku flokkanna að vinna að því, að fá þá til að taka þau mál upp á sínar stefnuskrár, sem þær hafa mestan áhuga fyrir. En til þess að fá áhuga fyrir nokkru máli, verða menn að þekkja það og það ástand, sem bæta skal. Því er það fyrsta skilyrðið, að vér reynum

að kynna oss sem bezt öll þau mál, sem fjallað er um bæði í héruðum og á þingi. Og ekki einungis þau mál, heldur ástand þjóðarinnar í öllum efnum. Nú getum vér ekki lengur skotið skuldinni á karlmennina. Nú megum vér sjálfar fara að bera okkar skerf af ábyrgðinni, með því að velja þá fulltrúa, sem á öllum sviðum, bæði í sveita-, héraða- og landsmálum eiga að ráða úr vandkvæðunum og ráða framförunum, ráðstafa öllu opinberu fé og leggja skyldur og skatta á landsmenn. Á öllu þessu berum vér jafna ábyrgð og karlmennirnir, þegar vér förum að velja þessa fulltrúa. Og vér getum ekki afsakað oss með því að vér höfum ekki kosið neinn, þegar vér vanrækjum að mæta á kjörfundum, því ef óheppilegir fulltrúar komast að, þá er það oft meira þeim að kenna, sem vanrækja að greiða atkvæði, en þeim sem gera það.

Bezta ráðið til að kynnast ástæðum almennings er að taka þátt í alþýðumálunum. Má þar sérstaklega tilnefna sveitamál, safnaðamál og héraða- eða sýslumál. Þessi mál eru þau fyrstu og nákomnustu öllum almenningi, og þau skilja allir, sem fara að fást við þau. — En hvers vegna skorast nú konur undan að taka þátt í þessum málum, sem þær þó hafa sama rétt og skyldur til að gefa sig við og karlmennirnir? Kemur þeim ekki alveg jafnt við t. d. fátækra ástandið í sveitarfélaginu, fræðslulögin eða vegirnir eins og karlmönnunum? Og hvað margar þeirra eru líka ekki óánægðar með sveitarstjórnina sína? En til þess að geta rökstutt óánægjuna, verða þær að þekkja málin og þau skilyrði, sem fyrir hendi eru. Enginn vafi er á því, að konurnar gætu í mörgum þessum málum unnið mikið gagn, ef þær vildu beita sér fyrir þau.

En þegar konur komast svo langt, að fara að taka beinan þátt í þeim, þá munu þær finna margt, sem þyrfti lagfæringar með. Og margt af þessum lagfæringum getur ekki komist á, nema með aðstoð laganna. Þannig er það með fátækralöggjöfina. Margt, sem menn vita sveita- og bæjarstjórnir fyrir, er því að kenna, hvernig þessi lög eru gerð, og það stendur ekki í annara valdi að laga en Alþingis. — En nú eiga konurnar að fara að kjósa alþingismennina.

Þá finna menn margt að alþýðufræðslunni. Þar þykir flestum ofmiklu til kostað, en efitirtekjan eða gagnið af henni of lítið. Hverjum skyldi nú koma fræðslumálin meira við en einmitt konunum, mæðrum þeirra, sem eiga að fá fræðsluna og búa á undir lífsbaráttuna, til þess með fræðslunni að gefa þeim fleiri og betri skilyrði fyrir þolanlegu lífi? Því miður hafa konur heldur ekki gefið sig fram til þess að sitja í fræðslunefndum og skólanefndum yfirleitt, sem þær þó ættu allstaðar að vera með í. Og því miður erum vér íslenzku konurnar máske líka með sama markinu brendar, sem karlmennirnir margir hverir: að telja eftir hvern eyri, sem til fræðslu fer og leggja þarf á sveitafélög og landið í heild sinni. Við Íslendingar erum enn þá ekki komnir svo langt, að telja það fé lagt á vöxtu, sem lagt er fram til að auka þekkingu barna vorra og bæta uppeldi þeirra. Það lítur út sem vér skiljum ekki að »þekkingin er vald«, og það vald eignast yngri kynslóðin ef hún fær holla og góða fræðslu.

Mér liggur við að halda og vona, að konunum verði annara um mentun og þekkingu barna sinna en feðrunum, og að bæði fræðslu- og uppeldismál eigi þar einlægari og betri liðsmenn en karlmennina. En þá verðum vér að kynna oss fyrirkomulagið, bæði lögin sjálf og hvernig þeim er komið í framkvæmd, og með alúð og samvizkusemi setja oss inn í þessi mál. Vér verðum að skilja það, að »hreppa vizku hunds fyrir bein, hugsa það enginn skyldi«. Það getur varla farið saman ódýr fræðsla og góð. Menn vilja spara allstaðar: hús og áhöld,

tíma og laun: sem lélegust og ódýrust skólahús, sem fátæklegust áhöld, sem stytztan námstíma og sem ódýrasta kennara. — Er þá von þó árangurinn verði ekki glæsilegur?

Og hvað oft höfum vér konur kvartað yfir því, að vér værum fyrir borð bornar í uppeldismálunum? Hversu samtaka foreldrarnir, eða að minsta kosti feðurnir eru og löggjafarvaldið, með það að undirbúa drengina á alt annan og praktiskari hátt undir lífsstöðuna en stúlkubörnin. Oftast er hugsað fyrir, ef efni leyfa, að búa drengina undir eitthvert sérstakt æfistarf eða atvinnu. En hversu lítið leggja foreldrar og löggjöfin áherslu á þenna undirbúning fyrir stúlkurnar? Vitanlega hefir löggjafarvaldið nú leyft konum aðgang að öllum skólum jafnt karlmönnum, og sömuleiðis rétt til embætta. En skólarnir eru sérskólar karlmanna; algerlega sniðnir eftir þeim, án nokkurs tillits til kvenna eða þeirra mismunandi lífsskilyrða, hæfileika eða eðlis. Menn segja enn þá, að heimilin séu kvennanna eðlilegasti og réttasti verkahringur, og húsmóður- og móðurstaðan mikilvægasta staðan sem þær geti haft, og þeirra eina rétta köllun. En hví vanrækja þá bæði foreldrar og löggjöf alt uppeldi þeirra til þessarar mikilvægu köllunar? Hver er sú fræðsla, sem löggjöf og ríki veita þeim í því að ala börn sín upp, til að verða hrausta og dugandi borgara í þjóðfélaginu?

Margt, ótal margt fleira mætti telja upp, sem eru, eða ættu að vera, verkefni fyrir allar hugsandi konur á komandi tímum, til að leitast við að laga. Í fátækramálum: að fyrirbyggja að fleiri þyrftu að verða annara handbendi en minst mætti verða, og til þess koma meðal annars á ýmsum líf- og slysatryggingarlögum, styrktarsjóðum ekkna og styrkjum handa þeim, sem vilja berjast fyrir sér og sínum, án þess að verða upp á sveitafélög komin. — Það eru fyrirbyggjandi ráð, sem framfaraþjóðirnar taka til að hjálpa körlum og konum til að vera sjálfbjarga, og halda börnunum undir hendi mæðranna og heimilanna, þótt þær missi menn sína.

Og síðast en ekki síst mætti nefna hjónabandslöggjöfina og barnalöggjöfina, sem öll Norðurlönd, nema Ísland, sitja nú við að laga hjá sér. Þar hafa konurnar líka lagt fram drjúgan skerf, enda eiga þau öll, nema við, margar lögfróðar konur. En allstaðar hafa fleiri konur en þær lögfróðu, látið sig varða um slík mál, og rætt þau og sett fram kröfur kvenna um endurbætur og breytingar. En til þess þurfa þær að hafa *kynt* sér þessi lög. — Það getum vér einnig gert og það erum vér skyldar að gera. Allar erum vér nokkurnveginn læsar, og engin lög snerta konurnar nánara en einmitt þessi lög. — Þau munu verða eitt af vorum stærstu framtíðar áhugamálum.

Þegnskylduvinna kvenna.

Úti í heiminum, þar sem landvarnarskylda er lögleidd, og hver maður sem er fullhraustur og »normal«, verður að eyða vissum tíma af æfi sinni til að læra vopnaburð og búa sig undir það, að verja ættjörð sína með vopnum og leggja bæði eignir, heilsu og líf í sölurnar fyrir hana, þar eru nú konurnar farnar að ræða fyrir alvöru, á hvern hátt þær eigi einnig að inna sína landvarnarskyldu af hendi. Ýmsar tillögur hafa komið fram um það. Víða hafa konurnar lagt helst til, að allar ungar stúlkur skyldu læra sjúkrahjúkrun um ákveðinn tíma á vissum aldri. Það ætti að vera þeirra landvarnar- eða þegnskylduvinna.

Hér á Norðurlöndum, þar sem konurnar virðast frá fornöld hafa í hugsunarhætti og uppeldi altaf verið frjálslyndari og

óháðari en konur víða annarstaðar í Norðurálfu, hefir einnig þetta mál verið ofarlega á dagskrá hjá öllum kvenréttindafélögum. Samkvæmt kröfum sínum um fult jafnrétti, bæði pólitiskt og borgaralegt, við karlmennina, hafa þær einnig verið fúsar til að taka á sig þær skyldur og ábyrgð, sem slíkum réttindum fylgja. Og því hafa þær bæði ritað og rætt um á hvaða hátt þær bezt gætu gert ættjörðu sinni gagn, og hvernig *þeirra* þegnskylduvinnu ætti að vera háttað.

Auðvitað er sjúkrahjúkrunin nauðsynleg og sjálfsögð að vera samfara landvörnum og stríðum. Enda hafa ríkin nú sitt fasta kvenna hjálparlið í þeirri grein, þar sem »Hauða kross«-félagið er, sem telja má sem fast landvarnarlið, bæði á friðar- og ófriðartímum. En konurnar hafa brátt komist á þá skoðun, að ekki þyrfti á aðstoð hverrar einustu konu að halda til þeirra starfa. En einmitt þau störf, sem nauðsynlegt væri að hver kona gæti leyst vel af hendi, ættu að vera gerð að þegnskylduvinnu kvenna.

Í Sviþjóð og Noregi hafa nú á nokkrum síðustu árum komið fram tillögur um, að konurnar skyldu hafa sitt þegnskylduár á aldrinum 15—25 ára. Þessi þegnskylda þeirra skyldi vera innifalin í því, að hver einasta ung stúlka lærði heilt ár alt, sem lyti að því, sem húsmóðir og móðir þyrfti að kunna til að geta stjórnað heimili sínu sem bezt og alið börn sín upp til að verða heilbrigða, dugandi og siðferðisgóða borgara.

Það var fyrst árið 1907, sem tillaga þessi var borin fram á stórum kvenréttindafundi í Karlstad, af frú Gerðu Hellberg, sem lagði til að ríkið setti þessa skyldukenslu á fót handa öllum ungum stúlkum. Margir tóku þessu mjög vel og blöðin fylgdu því eindregið. Þau hafa líka venjulega sagt, að heimilið væri aðalverksvið kvenna, og gátu naumast verið þessari tillögu mótfallin. Í rökfærslu sinni fyrir þessari tillögu, segir frú Hellberg:

»Ákjósanlegasta hugsjónin er það, að ríkið fastsetti eitt kvennaár sem nokkurskonar skyldu-námskenslu um mæðraskyldur og mæðrastörf. Það er: konur, sem væru fyltar af ábyrgðartilfinningu, og fullvitandi um það, að þjóðfélaginu er líf og heilsa barnanna nauðsynlegt ekki síður en annara meðlima þess. Þessi kensla ætti að skapa mæður, sem gera má kröfur til og sækja ráð til, þegar um uppeldi hinna nýju þjóðfélagsborgara er að ræða, sem ekki standa ábyrgðarlausar, skilningslausar og ráðalausar yfir öllum þeim mörgu vandamálum, sem nýir tímar hafa í för með sér. Við verðum að hætta að reikna alt út eftir ástæðum efnaða fólksins, sem er í minni hlutanum. Við verðum að líta á ástæðurnar frá sjónarmiði verkafólksins. Væri mæðrunum í þeirri stétt kendar mæðraskyldur og mæðrastörf og þær aldar upp til að hafa ábyrgðartilfinningu, þá yrðu þær bandamenn og liðsmenn okkar í barátttunni gegn vinnautn, saurlífi og stóreignavinnuiðnaði, sem eyðileggur lífskraftinn í æskulýðnum, og er versti óvinurinn gegn endurbættri þjóðarheilbrigði (Rasehygien)«.

Önnur sænsk kona hefir líka gerst talsmaður þessa þegnskylduvinnuárs kvenna. Það er dr. Karolina Widerström. Hún mintist á tillögurnar um að konur skyldu læra hjúkrunarfræði, en áleit það ekki fullnægjandi, heldur vildi að þær skyldu læra sem þegnskylduvinnu, alt sem liti að þeirra tilvonandi móður- og húsmóðurskyldum. — Meðal þess sem kent væri, skyldi vera heilsufræði, persónulegt hreinlæti og meðferð á líkama sínum og heilsu, bústaðar- og þjóðfélagsheilbrigðisreglur, meðferð barna og praktiskan og hollan matartilbúning. Þegnskyldutímann hafði hún hugsað sér eitt ár, á 18 til 20 ára aldrinum, að minsta kosti fyrir 25 ára aldur. Tillögu um þetta bar hún fram á fundi í Kvenréttindafélagi Stockhólms 1910, sem þar var einnig samþykt. Auðvitað átti ríkið að kosta þessa

kenslu. Tímann legðu konurnar fram, eins og karlmenn við sína þegnskylduvinnu.

Hin margfróða, alþekta vísinda- og kvenréttindakona, dr. Lydia Wahlström, ritaði leiðara um þetta í blaðið »Rösträtt för Kvinnor« 1913, og komst þar að þeirri niðurstöðu, að »þetta mál kæmist eflaust ekki í framkvæmd fyr en konurnar sjálfar hefðu fengið kosningarrétt«.

England.

Enska kvenréttindafélagið »Women's Social and Political Union« hélt fund í Westminster í London þ. 22. okt. síðastl., sem var að því leyti eftirtektarverður, að það voru ekki foringjarnir, þær mæðgur Mrs. og Miss Pankhurst, sem til hans boðuðu og stjórnuðu honum, heldur voru það aðrar félagskonur, sem héldu hann til að mótmæla því, að þessar forstöðukonur hefðu algerlega vikið frá aðal-prógrammi félagsins, og berðust nú fyrir algerlega gagnstæðum málum. Á fundinum var síðan borin upp og samþykt svohljóðandi fundarsamþykt:

»Þessi fundur, samanstandandi af núverandi og nýlega verandi meðlimum »Women's Social and Political Union« lýsir yfir sinni óbreyttu trygð og hollustu við kvenréttindamálin og barattuna fyrir þeim, og þeirri trú sinni, að einungis þeir hæfileikar og markmið, sem konur úr W. S. P. U. hafa barist og liðið fyrir, geti hafið mannkynið á hærra siðferðislegt stig og komið verulegum framförum þess í framkvæmd, að þetta mark náist að eins með stöðugri áframhaldandi samvinnu kvenna um allan heim, bygðri á þeirra pólitiska hjálparleysi og almennu bágbornu kjörum, með því að vinna með stöðugri trúmensku að því, að vernda og styrkja hagsmuni kvenna á þessum yfirstandandi hættu- og neyðartímum, bæði fjárhagslega og þjóðfélagslega. Þessi fundur mótmælir enn fremur stórfum og stefnu þeirri, sem stjórn W. S. P. U. hefir tekið sér, að félagsins nafn og ræðupallar eru ekki framar notað fyrir kosningarréttarmál kvenna eða til að ráða bót á óteljandi vandkvæðum og vanmætti atkvæðislausra kvenna, einungis vegna annara fyrirætlana, sem ekkert koma félaginu við og eru því alveg gagnstæðar. Þessi fundur krefst einnig reikningsskila til endurskoðunar um tekjur og gjöld félagssjóðsins, sem ekki hefir verið gerð nein skilagrein fyrir síðan vorið 1914«. —

Eins og lesendur Kvbl. muna, var það einmitt þetta félag, með þær Pankhurst-mæðgurnar í broddi fylkingar, sem mest barðist fyrir réttindum kvenna á Englandi og bitrastir urðu fjandmenn Asquith-stjórnarinnar, sem gerði upptækt blað þeirra og lét greipar sópa um peningaskápa félagsins í skrifstofum félagsstjórnarinnar, þótt stjórnin yrði brátt að neyðast til að sleppa því aftur, vegna fylgis hins gamla, fræga verkamannaforingja Keir Hardie. — En nú hafa þessar gömlu kvenréttinda-bardagakonur algerlega lagt niður öll störf sín og barátttu fyrir kvenréttindamálum, en vinna nú af sama kappi fyrir ensku stjórnina að því að fá sem flesta sjálfboðaliða í stríðið, og fara til þess fyrirlestraferðir um þvert og endilangt landið. Blað félagsins, »Suffragetta«, berst ekki lengur fyrir kvennamálum. Nú hafa þær Pankhurst-mæðgur skírt það um og kalla það »Britannia«, og er það eitt af því, sem félagskonur áfelia þær fyrir, með því blaðið vinni algerlega að því að agitera fyrir stríðinu, þvert á móti óskum félagsins og prógrammi þess, og gangi algerlega inn í ófriðarþjónustu karlmannanna.

Ýmsar konur töluðu á fundinum, bæði til að áfella þær Pankhurst-mæðgur og til að ræða og draga upp það prógram, sem félagið yrði nú að fara eftir. Voru þær samdóma um það, að nú væru heppilegir tímar fyrir konur til að vinna að framgangi kvenréttindamálanna, og að þær yrðu nú að vinna upp þenna mista tíma með enn þá meiri atorku og kappi.

Raddir ofan úr sveitunum.

(Kafli úr bréfi til Kvbl.).

»— Við erum nú eins og ríki maðurinn, sem lifði hvern dag í dýrðlegum fagnaði, en enn þá liggur Lazarus fyrir utan dyrnar og á sér ekkert hæli. Konurnar eru nú að skora hver á aðra, að safna fé til þess (nfl. spítalasjóð), en eg er hrædd um, að það gangi seint; þær eru ekki vanar við að hafa peninga undir höndum og verða því smátækar, ekki af því, að þær tími því ekki; þær gefa fátæklingum oft margra króna virði í fötum og mat, en þegar til peningaútláta kemur, kveður við annan tón. T. d. gaf ein af efnaðri konunum hér í sveit 50 aura og er hún þó enginn nirfill —«.

Fyrirlestrar Kvenréttindafélagsins.

Kvenréttindafélag Íslands í Reykjavik hefir byrjað að láta halda fyrirlestra um ýms lögfræðileg, stjórnfræðileg og hagfræðileg efni. Hefir það þegar fengið loforð ýmsra sérfræðinga um fyrirlestra í ýmsum málum. Fyrsta fyrirlesturinn hélt alþm. Sveinn Björnsson í félaginu þ. 22. þ. m um nýju stjórnarskrána og kosningarlögin. Var fyrirlesturinn mjög vel fluttur og skýr og mundi mörgum kjósendum, bæði körlum og konum, ekki óþarft að fá slíka skýringu á stjórnarskránni, alt svo rædd og þvæld, sem einstök atriði hennar eru.

Næsti fyrirlestur verður væntanlega um réttarstöðu íslenzkra kvenna.

Fyrirlestrarnir eru ókeypis fyrir félagskonur, en utanfélagskonur borga 15 aura, eins og á alþýðufræðslu Stúdentafélagsins.

Geislabrot utan úr dimmunni.

Iðnaðarbarátta Þjóðverja.

Þann 27. marz síðastl. var alveg einstæður fundur haldinn í hinni hágöfugu byggingu Preussisches Abgeordnetenhaus, beint á móti hinu alþekta Wertheims Magazine. Þar sást fjöldi af útvöldum, skrautklæddum herrum og dömum ganga inn í rósumskreytt fordyri, milli tveggja súlna. Og inni í hinum skrautlegu sölum gengu allir mjög alvarlega skeggræðandi saman milli lifandi mann-brúða, sem stóðu þar, greiddar, stroknar, máladar í andliti og ilmandi af einhverjum nýjum ilmvötnum og sneru sér þjónustusamlegast hátíðlega í allar áttir, á geysi hælaháum skóm, til þess að sýna áhorfendunum búninga þá, sem þær báru og nýbúnir voru til fyrir þetta hátíðlega tækifæri, enda var ekkert lítið um að vera: nú skyldi skíra barnið, hinn nýja keisaralega *þýzka móð*. Áhorfendurnir voru guðfeðginin, sem vernda skyldu þetta vel skapaða barn í gegnum allar torfærur og hættur æskuáranna. En það voru heldur engin smámenni, sem hér áttu hlut að máli. Listamannafélög, iðnaðarfélög, verzlunarhús og einstaklings-uppfundningamenn, studdir og styrktir af sjálfri þýzku þjóðinni, kröfum hennar og ráðum. Síðan striðið hófst, hafa þeir setið á rökstólum og starfað í þessa átt. Margt hefir hér komið til greina: þjóðræknisástæður, siðferðislegar og fagurfræðilegar, en umfram alt hagfræðilegar og keisaralegar. Það er ekki lengur búninga-gerbreytendanna óframfærnu óskir, að vera ekkert við móðana bundnir eða upp á útlöndin komnir, heldur láta útlöndin vera upp á sig komin. Móðarnir eru svo sem ekki neitt tvírætt gaman, eins og kaupendurnir hafa álitið áður, heldur liggur ávinningur og pólitik bak við þá; það allra alvarlegasta, sem hugsast getur. Engin furða, að hópurinn af móð-mannbrúðunum var alvarlegur og fann til ábyrgðarinnar: Skyldur heils ríkis hvíldu á herðum þeirra.

Skömmu eftir að »Deutscher Werkbund« hélt þessa sýningu, hélt hið þýzka ríkisfélag saumakvennanna kongress sinn í Berlín, sem algerlega hljóðaði um leyndarmál móðanna og hvernig þeir sköpuðust. Fundarskýrslurnar vekja mikla virðingu fyrir þekkingu og gáfum þýzka saumalistafólksins. Menn gætu haldið, að þeir væru að lesa um vísindalegan fund. Samt leit út fyrir, að sjálfsálitið væri ekki fullþroskað, því ýmsar af fundarkonum létu í ljósi efa, sem studdist við þekkingu þeirra á skaplyndi þjóðarinnar, að nokkurt útlit væri á því, að Þýzkaland gæti nokkurn tíma sigrað Frakkland í samkepninni um móðinn, og héldu því fram, að þar réði ástleitnin oft leikslokum. Hinir vóru sannfærðir um, að hægt væri að skapa þýzkan smekk, ef maður vildi. Um karlmannamóða var alls ekkert talað. Þeir verða að bera sömu snið og áður að miklu leyti. Svo þegar stríðið er hætt, geta þeir átt á hættu einn góðan veðurdag að vera í fötum, sem bera hið ógæfusama merki: »Rule Britannia«.

En hvað gerðu menn í Paris um þessar mundir? Menn töluðu um nýjustu móðana, eins og vant var, með mjög miklu virðingarleysi. Og eins og vant var, sneru betri konurnar bakinu við nýju móðunum, og »La Francaise« hneykslaðist á þeim og tók þá alvarlega til bænar.

Munið eftir

að líta inn í

SÆLGÆTISVERZLUNINA

KOLBRÚN

Laugaveg 5.

Þess mun engan iðra.

Cacaó og suðu-súkkulaði hvergi betra né ódýrara en í Litlu búðinni, Þingholtsstræti 1.

Árni Eiríksson, Austurstr. 6.

Landsins bezta og ódýrasta verslan.

Hvergi meiri birgðir af:

Vefnaðarvörum og öllu er að saumavinnu lýtur.
Prjónavörum, bandi, prjónum o. fl.
Þvottavörum: sápum, ilmvötnum, burstum, sóffum, handklæðum, þurkum o.fl.
Gladningsvörum: leikföngum, vinagjöfum, jólagjöfum, jólaskrauti.

Verzlun Jóns Hallgrímssonar

er flutt frá Laugavegi 1
í hús herra landsverkfræðings Jóns Þorlákssonar
Bankastræti 11
(miðbúðina).

Nýja verzlunin, Hverfisgötu 34,

selur allskonar tilbúinn **barnafatnað og kvenfatnað** af nýjustu gerð. Einnig allskonar **úrval af silkitauum** í blúsur, kjóla, svuntur og slifsi.
Mismunandi **bróderingar** og **tau** bæði úr ull og bómull. **Alt eftir nýjustu tízku.**
Allur fatatilbúniagur íslenzkur. Munið eftir
Nýju verzluninni
Hverfisgötu 34, Rvík. **Styðjið innlendan iðnað!**